



## Fundargerð

1344. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
11. nóvember 2021, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Halldóra Friða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

Gestir fundarins komu inn í gegnum fjarfundarbúnað.

### 1. Jafnlaunavottun - launagreining (2019120131)

lðunn Kristín Grétarsdóttir deildarstjóri launadeildar og Kristinn Óskarsson mannauðsstjóri mættu á fundinn og kynntu niðurstöður launagreiningar vegna jafnlaunavottunar 2021.

Bæjarráð fagnar niðurstöðu greiningar jafnlaunavottunar sem sýnir að ekki greinist marktækur kynbundinn launamunur hjá Reykjanesbæ.

### 2. Dalshverfi III - úthlutunarreglur (2019050472)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi og Unnar Steinn Bjarndal bæjarlögmaður mættu á fundinn. Lagt fram minnisblað um úthlutun lóða í Dalshverfi III.

Bæjarráð samþykkir úthlutunarreglur vegna norðurhluta Dalshverfis III og heimilar að farið verði í kynningu á þeim hluta hverfisins.

### 3. Tjarnargata 12 – breytingar á húsnæði (2019050839)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs, Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra og Jón Stefán Einarsson frá JeES arkitektum mættu á fundinn og kynntu þrjár tillögur að næstu skrefum varðandi breytingar á Tjarnargötu 12.

Málinu frestað og Friðjóni Einarssyni stjórnarformanni T12 falið að afla frekari upplýsinga.

### 4. Sjónarhóll ráðgjafarmiðstöð - ósk um samstarf og styrk (2021110131)

Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.

### 5. Beiðni um framlag til starfsemi Stígamóta 2022 (2021110134)



Bæjarráð samþykkir að styrkja samtökin um kr. 200.000, tekið út af bókhaldslykli 21-011-9220.

**6. Fundargerðir Heklnnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 11. júní, 10. september og 5. nóvember 2021 (2021010464)**

Fundargerðir lagðar fram.

**7. Fundargerð stjórnar Brunavarna Suðurnesja bs. 9. nóvember 2021 (2021030130)**

Fundargerð lögð fram.

**8. Fjárhagsáætlun 2022 (2021060488)**

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn. Lagðar fram til kynningar fjárhagsáætlanir frá Brunavörnum Suðurnesja, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Heklnni, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja og Kölku og tillögur minnihlutans til hagræðingar.

Bæjarráð samþykkir að taka eftirfarandi mál á dagskrá:

**9. Stafræn umbreyting sveitarfélaga (2019110248)**

Bæjarráð samþykkir þátttöku og framlög sveitarfélagsins um samstarf í stafrænni umbreytingu fyrir árið 2022. Heildarkostnaður við verkefnið er kr. 12.012.658, vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2022.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.